

1866.

21. febrúar.

stjórnin gjöri ráðstafanir um, að bæjarstjórninni sé gjört að skyldu, að skýra á hverju ári frá ástandi veganna, og hverjar vegabætur hafi verið gjörðar árið sem liðið er, og að hafa í fjárhagsáætlunarskrá sinni ítarlegar uppstungur um, hvaða vegabætur hún ætli sér að gjöra næsta ár.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess, að þér gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að stjórnarráðið að vísu ekki getur fallið á að skilja eigi bréf þess 10. júlímán. 1863, eins og þér hafið vikið á, þar sem þar er með berum orðum sagt, að vegabótalögin 15. marzmán. 1861 verði ekki heimfærð uppá Reykjavík, og teknar fram ástæðurnar fyrir því, en aptur á móti ætlum vèr, að samkvæmt almennum grundvallarreglum laganna hafið þér fulla heimild til að bjóða bæjarstjórninni að senda amtinu á ári hverju uppstungu um, hverjar vegabætur hún ætli sér að láta gjöra næsta ár, ásamt áætlun um kostnaðinn, og fá samþykki amtsins til þessa, og eins að senda því á hverju ári skýrslu um ástand veganna, og annaðhvort láta bæjarreikninginn vera svo úr garði gjörðan, að hægt sé að hafa umsjón með, hvernig vegabæturnar hafi verið gjörðar, eða láta nákvæman vegabótareikning fylgja hinum reikningunum.

21. febrúar. 20. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfrívaldanna á Íslandi, um staðfesting á frumvarpi til áætlunar um fyrirkomulag og störf barnaskólans í Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 24. októbermán. f. á, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, aptur sent hingað frumvarp það til áætlunar um fyrirkomulag og störf barnaskólans í Reykjavík, er stjórn barnaskólans hefir samið samkvæmt 23. grein í reglugjörðinni frá 27. októbermán. 1862, og fylgdi frumvarpinu reikningur, er skólanefndin hafði samið um tekjur og gjöld barnaskólans, og álitsskjal bæjarstjórnarinnar bæði um áætlunina og reikninginn.

1866.

21. febrúar.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að þó að stjórnarráðinu finnist frumvarp þetta í mörgum greinum vera fremur óheppilega samið, einkanlega að því leyti, að það hefir verið haft óþarflega langt og fjölort, og þar að auki í ýmsum atriðum verið brugðið frá því, sem fyrir skipað er í barnaskólareglugjörðinni 27. októbermán. 1862 — sérilagi t. a. m. í 3. lið 3. greinar, 4. grein og 1. lið 17. greinar í frumvarpinu, þegar hvert um sig er borið saman við 2. 10. og 24. grein í reglugjörðinni — þá hefir stjórnarráðinu samt þókt réttast eptir atvikum að taka ekki tillit til þessa miður heppilega sniðs, sem á frumvarpinu er, og staðfestir því hér með hið umgetna frumvarp til áætlunar fyrir barnaskólann í Reykjavík, ásamt með reikningi þeim um tekjur og gjöld hans, er við það er fest, þó með þeim breytingum, er nú skal greina:

- 1) að 1. grein sé þannig orðuð: „Það er ætlunarverk skólans, að láta börn þau, er ganga í skólann, taka framförum í guðhræðslu og siðgæði, og veita þeim þá þekking og kunnáttu, að þau geti orðið nýtir borgarar;“
- 2) að 4. kafli 3. greinar sé þannig orðaður: „Skólanefndin á eptir uppástungu dómkirkjuprestsins að ákveða, hvaða börnum megi veita borgunarlaust tilsögn í skólanum samkvæmt 30. grein reglugjörðarinnar;“
- 3) að 4. grein sé þannig orðuð: „Samkvæmt 10. grein reglugjörðarinnar á kennslutíminn almennt að vera 5 stundir á dag; þó er skólanefndinni heimilt, auk undantekningar þeirrar, sem tekin er fram í þessari grein reglugjörðarinnar, að stytta kennslutímann með samþykki skólastjórnarinnar í neðsta bekk, svo að hann sé 4 stundir á dag. Á hverjum degi byrjar kennslan með bænahaldi og söng;“
- 4) að næstseinasti kafliinn í 6. grein nr. 2 sé þannig orðaður: „Til bóklesturs skal einkanlega velja þess konar bækur, sem eru til þess fallnar að efla hjá börnunum gott siðferði og kristilegt hugarfar, eða geta veitt þeim kunnáttu í sögu og landaskipunarfræði Íslands og Danmerkur“, o. s. frv.;
- 5) að nr. 3 í 12. grein sé sleppt, af því að hvítasunnuleyfið alltaf hlýtur að bera uppá sama tíma og sumarleyfið;

1866.

21. febrúar.

- 6) að þessum orðum í nr. 1 í 13. grein: „annaðhvort einn af kennurunum í skólanum eða einn af bæjarbúum“, sé breytt í: „annaðhvort einhver af kennurunum í latínuskólanum eða einhver annar af bæjarbúum;“
- 7) að nr. 3 í 15. grein sé orðað þannig: „Vitnisburðirnir skulu hver um sig jafngilda tölum þeim, er nú skal greina: ágætlega = 6“ o. s. frv.:
- 8) að í upphafi 18. greinar „hver árslok“ sé breytt í „lok hvers skolaárs“, og „hálfum mánuði eptir nýjár í „15. dag októbermánaðar“, smbr. 12. og 24. grein reglugjörðarinnar;
- 9) að ákvörðunin í 23. grein um eldivið handa yfirkennaranum sé þannig orðuð: „enn fremur skal honum veitt til eldiviðar handa sjálfum honum annaðhvort að eins 200 hestar af mó eða svo mikið bæði af mó og kolum, að það jafngildi 200 hestum af mó eptir blutfalli því millum þessara eldsneyta, sem ákveðið er í næstu grein;“
- 10) að annar kafli 24. greinar sé þannig orðaður: „Til þess að halda 3 lestrarherbergjum fullheitum 5 tíma á dag fær hann 150 hesta af mó, og skal að tiltölu annaðhvort bæta við eldiviðinn, ef 4. lestrarherbergið kynni að bætast við, eða minnka hann, ef kennslutímunum kynni að verða fækkað samkvæmt 4. grein.“
- 11) að tekin sé í áætlunina ákvörðun um upphæð kennslueyrinsins samkvæmt 30. grein í reglugjörðinni.

Þegar búið er að breyta skólaáætluninni einsog nú hefir sagt verið, á að láta hana koma út á prenti ásamt reikningnum um tekjur og gjöld skólans, sem henni fylgir, og senda hingað nokkur exemplör af henni ásamt með eptirriti af hinum danska texta áætlunarinnar og reikningsins¹.

¹) Kirkju- og kennslustjórninni höfðu ekki enn verið send exemplör þau af áætluninni prentaðri, sem hún hefir beðið um, þá er þetta bréf var tekið í stjórnartíðindin, og getur áætlunin þess vegna ekki komið í þau á réttum stað; en hún mun verða prentuð í viðbæti við árið 1866.